

Fundur 22.4.2024 Ólafur Skúlason biskup.

Heilsa ég ykkur á gamla Íslandi og langt er síðan ég talaði til ykkar og ekki mun ég leggja það í vana minn, en starfsbróðir minn taldi mig á að tala til ykkar aftur og nýta tækifærið á meðan uppistandandi eru nokkrar slíkar stöðvar sem leyfa samband slíkt.

Og veldur það ákveðnum vandkvæðum fyrir mig að tala til ykkar að er það andstætt lífsskoðunum mínum og okkar sem störfum innan kirkjunnar, að notfæra sér slíkt samband.

En á ég ættingja meðal ykkar og eru ekki tengslin að fullu og öllu rofin og þykir mér vænt um ef fyrirgefningar er að vænta hjá Íslensku þjóðinni, eins og hinn ágæti starfsbróðir minn minntist á, Sigurbjörn.

*Ert þú Ólafur Skúlason ?*

Já Ólafur Skúlason, já komið þið blessaðir.

*Blessaður.*

Ekki þykir mér, ég minna umdeildur í framlífi en í, næ ekki hugtakinu, jörðinni gömlu en,

*Ekki minna umdeildur í framlífi en í frumlífi ?*

Já og mikill gangur á kirkjunni hjá okkur og gengi okkar mikið, þar sem ég verð að notast við heiðna lýðinn til þess að stilla mig til þessa sambands, þar sem ekki er fullt samþykki yfirmanna minna á slíku sambandi.

En höfum við þurft að verjast víggirtum kastala okkar og kirkjum fyrir uppreisnum lýðsins og komið jarðneskum yfirvöldum til valda sem eru hlyntir kirkjunni og stafar okkur hætta af því að hafa slíkar,

Lýðurinn sækir sér upplýsingar um annað ástand sem hann vill koma á og er ekki hægt að una því.

Drottinn er, ég hlýði Drottni og Drottinn mun vel fyrir sjá, hefur, það mun síðar koma í ljós fyrir hans efasemdar menn og andstæðinga að Drottinn mun vel fyrir sjá, get ég ekki talað meira að sinni, það er eitthvað sem hindrar mig, þið eruð ekki með rétt hugarfar gagnvart Drottni og var mér lofað af Sigurbirni að ég ætti að snúa ykkur, en er mér það ekki fært.

Vona ég að fólkíð á jörðinni skilji að ríki Drottins er mikið í Himnaríki og við sem hlýðum honum hljótum náð hans.

Verið þið sælir og vona ég að ljós Drottins skíni á ykkur.

Veri þið sælir.

*Snúðu þér að lífstefnunni og frá þeirri leið og frá myrkrinu og frá Drottni.*

*Drottinn er sá sem kúgar, það gera Guðirnir ekki.*

Það hef ég heyrt margsinnis, en tek ekki mark á því, verið þið sælir.

*Þetta hefur ekkert með Krist að gera, enda ert þú heilapvegin Ólafur. Kristur er ekki Drottinn.*

Ég er að tala um föðurinn sem,

*Já það er Heimsdjöfullinn Jahve.*

Ég hlusta ekki á svona vitleysu, ég kveð.

*Vertu blessaður.*